HAFNARFJÖRÐUR

# FUNDA- OG NÁMSKEIÐAHANDBÓK LEIKSKÓLA HAFNARFJARÐAR



SKÓLASKRIFSTOFA HAFNARFJARÐAR

HAUST 2014

Umsjón, ábyrgð og umbrot:
Sigurborg Kristjánsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla
bogga@hafnarfjordur.is

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Linnetsstíg 3. og 4. hæð
220 Hafnarfirði.
Sími 585 5800.
Netfang skolaskr@hafnarfjordur.is.

Opin mánudaga til föstudaga kl. 8-16.

# EFNISYFIRLIT

Bls
Nokkur atriði um námskeiðin og þátttöku í þeim, fundarsetu o.fl. .......... 4
Skráning á námskeið .......... 5
Nýliðanámskeið .......... 6
Hvernig er málörvunarefnið sem til er í leikskólunum notað á árangursríkan hátt? .......... 6
Samskipti/ viðtalstækni- Kraganámskeið .......... 7
Málörvandi spil og leikir - Kraganámskeið .......... 7
Jafningjastuðningur kennara einhverfra barna .......... 8
Íslenska sem annað tungumál .......... 8
iPad í almennu leikskólastarfi – Kraganámskeið .......... 9
Verndari barna - forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi .......... 9
Leikurinn Kraganámskeið .......... 10
Náttúrukennsla- Kraganámskeið .......... 10
Tvítyngd börn - Kraganámskeið .......... 11
Uppeldislegar skráningar – Kraganámskeið .......... 12
Boðberi válegra tíðinda - Kraganámskeið .......... 12
Fundir forstöðumanna mötuneyta .......... 13
Leikskólastjórafundir .......... 14
Aðstoðarleikskólastjórafundir .......... 14
Sérkennslustjórafundir .......... 14

## Nokkur atriði um námskeiðin og þátttöku í þeim, fundarsetu o.fl.

Kæri starfsmaður!
Fræðsluerindin sem kynnt eru í bæklingnum eru ætluð fyrir alla starfsmenn leikskóla sem reknir eru af Hafnarfjarðarbæ og Heilsuleikskólans Suðurvalla, nema ef annað er tekið fram. Í vetur verður kastljósinu beint að áherslum fræðsluyfirvalda, sem er notkun UST í skólastarfi, læsi og að styðja tvítyngd börn til að tileinka sér íslensku sem annað tungumál.

Rakel Magnúsdóttir, tölvunarfræðingur verður með námskeið um notkun iPad í skólastarfi á skipulagsdögum á komandi vetri og verður námskeið í boðið fyrir hvern leikskóla. Með því fá starfsmenn leikskólanna tækifæri til að læra saman um möguleika UST í leikskólakennslu.

Þá verður í boði réttindanámskeiðið K-PALS fyrir leikskóla sem er læsisaðferð fyrir fimm ára börn en markmiðið með aðferðinni er að gefa kennurum kost a að örva og þjálfa samtímis hóp af börnum í hljóða- og stafaþekkingu, lestri eða stærðfræði með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu).

Námskeið í íslenskukennslu fyrir tvítyngd börn, verður í boði og í framhaldi verða handleiðslufundir fyrir þá sem sækja námskeiðið. Þessu námskeiði var hrundið af stað á síðasta ári og voru þátttakendur mjög ánægðir með það. Kennari á námskeiðinu verður Hanna H. Leifsdóttir, sérkennsluráðgjafi.

Nýliðanámskeiði verður hrundið af stað í haust en þau hafa legið niðri frá því fyrir efnahagshrunið mikla. Um er að ræða 20 klst. námskeið eftir daglegan vinnutíma en markmiðið með þeim er fyrst og fremst að styrkja nýtt fólk til starfa í leikskólunum. Á námskeiðinu verður meðal annars farið yfir hugmyndafræði leikskólans, lög og reglugerðir um leikskóla, leikinn sem meginnámsleið barna, forvarnir, samskipti í leikskóla, foreldrasamstarf og skapandi leikskólastarf.

Átta námskeið af þrettán eru haldin í samstarfi við sveitarfélög Kragans en meginmarkmið samstarfsins er eins og áður að viðhalda fjölbreytileika námskeiðstilboða, fá betri nýtingu á fræðsluefni og minnka heildarkostnað þeirra.

### Reglur menntanefndar Kragans varðandi námskeiðin eru að:

- auglýsa beri námskeiðin með sjö daga fyrirvara,
- skráningu skal lokið eigi síðar en tveimur dögum fyrir námskeiðið,
- þátttakendum ber að tilkynna forföll til ábyrgðarmanns námskeiðsins en hann er ávallt tilgreindur í auglýsingu,
- lágmarksþátttaka er tíu manns, að öðrum kosti fellur námskeiðið niður,
- falli námskeið niður er skráðum þátttakendum tilkynnt það.

**VAKIN ER ATHYGLI Á ÞVÍ AÐ ALLAR DAGSETNINGAR Í BÆKLINGNUM ERU BIRTAR MEÐ FYRIRVARA OG GETA TEKIÐ BREYTINGUM SVO SEM VEGNA VEIKINDA FYRIRLESARA, LÍTILLAR SKRÁNINGAR Á NÁMSKEIÐ EÐA ANNARRA GILDRA ÁSTÆÐNA.**

## Skráning á námskeið

Það þarf að skrá sig á öll námskeið og eru skráningar sendar á netfang eða hringt í símanúmerið sem tilgreint er í hverri auglýsingu sem send er út fyrir hvert námskeið. Við skráningu skal tilgreina

1. nafn, námskeið sem sótt er um,
2. stöðuheiti,
3. kennitölu,
4. netfang og
5. nafn skóla sem starfað er í.

Það er afar mikilvægt að hafa þessar upplýsingar ef námskeið fellur niður svo hægt sé að tilkynna afboðunina. Falli námskeið niður sökum þátttökuleysis, veikinda eða annarra ástæðna er það tilkynnt í tölvupósti til leikskóla með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. Leikskólastjóri kemur skilaboðum til þátttakenda.

Námskeiðin sem boðið er upp á í þessum bæklingi eru ætluð starfsmönnum allra leikskóla, sem reknir eru af Hafnarfjarðarbæ og Heilsuleikskólanum Suðurvöllum að kostnaðarlausu. Ef námskeiðin eru ekki fullbókuð er möguleiki fyrir starfsmenn einkarekinna leikskóla, sem eru með þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ að sækja þau.

Í lok hvers námskeiðs fá starfsmenn viðurkenningarskjöl en leikskólastjórar skrá nöfn og kennitölur starfsmanna sinna á skjölin og samþykkja þau síðan með undirskrift sinni.

Menntanefnd ber ábyrgð á námskeiðum í Kraganum. Þróunarfulltrúi leikskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar ber ábyrgð á öðrum námskeiðum sem kynnt eru í bæklingnum. Vinnuframlag starfsfólks Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, við námskeiðahaldið, er framlag bæjarins til símenntunar starfsmanna. Starfsmenn leik- og grunnskóla sem ljá okkur lið við framkvæmdina eru sömuleiðis að leggja sitt af mörkum til dæmis þegar þeir lána okkur aðstöðu sína og fá bestu þakkir fyrir það.

Það er von að flestir finni eitthvert fræðsluerindi við hæfi í bæklingnum og að þeim gefist tækifæri til að sækja eitt eða fleiri erindi til að víkka sjóndeildarhringinn, auðga andann, auka fagmennsku og til að efla starfsleikni í leikskólakennslu.



## Nýliðanámskeið

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetning:** 9., 11., 16., 18., 23., 25., september og 2., 7., 9. október.

**Tími:** 16:45-18:45.

**Markhópur:** Starfsmenn leikskóla Hafnarfjarðar og Heilsuleikskólans Suðurvalla sem eru nýjir í starfi.

**Fjöldi:** Meðan húsrúm leyfir.

**Fyrirlesarar:** Ýmsir.

**Námskeiðslýsing:** Fjallað verður um hugmyndafræði leikskólans, lög og reglugerðir um leikskóla, leikinn sem meginnámsleið barna, forvarnir, undirstöðuþætti fyrir mál, tal og boðskipti, samskipti í leikskóla, foreldrasamstarf, skapandi leikskólastarf, réttindi og skyldur, þagnarskyldu, stjórnsýslu o.fl.

**Skráning:** Á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeið.

## Hvernig er málörvunarefnið sem til er í leikskólunum notað á árangursríkan hátt?

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetning:** Haustönn: 11. september, 9. október og 27. nóvember.




**Tími:** 08:00-10:00.

**Markhópur:** Starfsmenn leikskóla Hafnarfjarðar og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

**Fjöldi:** Meðan húsrúm leyfir.

**Fyrirlesari:** Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur.

**Námskeiðslýsing:** Námskeiðið byggir á fræðslu um helstu málþætti og málþroskafrávik. Starfsmenn fá þjálfun í að flokka málörvunarefni út frá málþáttum og fræðilegum forsendum. Stefnt er að því að þátttakendur fái tækifæri til þess að koma með málörvunarefni úr sínum leikskólum og vinni með það á hagnýtan hátt út frá ákveðnu flokkunarkerfi, þannig að málörvun verði markvissari og mæti betur þörfum barna með málþroskafrávik.

**Skráning:** Á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeið.

## Samskipti/ viðtalstækni- Kraganámskeið

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetningar** 18. september.

**Tími:** 08:30-11:00.

**Markhópur:** Allir starfsmenn leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.



**Fyrirlesari:** Margrét Sigmarsdóttir, sálfræðingur.

**Námskeiðslýsing:** Farið verður yfir góða samtalstækni, virka hlustun og aðferðir til að eiga við erfiða foreldra. Ennfremur verður farið yfir viðmið og siðareglur um efnistök í foreldraviðtölum.

**Skráning:** Á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeið.

## Málörvandi spil og leikir - Kraganámskeið

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetning:** 24. september.

**Tími:** 08:30-11:00.

**Markhópur:** Starfsfólk leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

**Fjöldi:** Meðan húsrúm leyfir.

**Fyrirlesari:** Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur.




**Námskeiðslýsing:** Kynnt verður hvernig hægt er að nota skemmtileg spil, bækur og leikir til að ná árangri í málörvun. Fjallað verður sérstaklega um flokkun á málörvunarefni og hvernig er hægt að vinna markvisst með einstaka málþætti og undirbúning fyrir lestur.

**Skráning:** Á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeið.

## Jafningjastuðningur kennara einhverfra barna

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetning:** 29. september, 21. nóvember, 5. janúar, 25. febrúar (skipulagsdagar).

**Tími:** 14:00-16:00.

**Markhópur** Kennarar barna á einhverfurófi.

**Umsjón:** Hanna Leifsdóttir, sérkennsluráðgjafi.



**Námskeiðslýsing:** Hugmyndafræði jafningjafræðslunnar byggir á því að kennara fræða aðra kennara um spektrum einhverfurófsins og aðra þætti í uppeldi og kennslu barna á einhverfurófi. Einnig verður rætt um leiðir til að styðja við foreldra og aðra forsjáraðila

**Skráning:** Á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeið.

## Íslenska sem annað tungumál

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetning:** 30. september, 28. október og 25. nóvember.

**Tími:** 08:00-09:30.

**Markhópur:** Starfsmenn í leikskólum Hafnarfjarðar og Heilsuleikskólanum Suðurvölllum.

**Fjöldi:** Meðan húsrúm leyfir.

**Fyrirlesari:** Hanna Halldóra Leifsdóttir, sérkennsluráðgjafi.

**Námskeiðslýsing:** Fjallað verður um hvernig börn læra nýtt mál en nýtt tungumál lærist best við raunaðstæður og meðal jafningja sem tala gott og ríkt mál. Farið verður yfir árangursríkar leiðir til að kenna börnum af erlendum uppruna íslensku sem annað tungumál.

**Skráning:** Á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeið.



## iPad í almennu leikskólastarfi – Kraganámskeið

**Staður:** Garðaberg á Garðatorgi í Garðabæ.

**Dagsetning:** 1. október.

**Tími:** 08:30-11:00.

**Markhópur:** Starfsfólk leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

**Fjöldi:** Meðan húsrúm leyfir.

**Fyrirlesari:** Rakel Magnúsdóttir, tölvunarfræðingur.



**Námskeiðslýsing:** Fjallað verður um notkun iPad í almennu námi leikskólabarna og sagt frá þróunarverkefni sem unnið hefur verið á leikskólanum Bakkabergi og í Garðabæ. Farið verður yfir helstu forrit sem notuð hafa verið, ljósmyndun, myndbönd og rafbækur. Einnig verður fjallað um Facetime og aðra samskiptamöguleika iPad. Að lokum verður www.appland.is kynnt.

**Skráning:** Bæjarskrifstofa Garðbæjar í síma 525 8500 eða á netfangið annah@gardabaer.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út viku fyrir námskeið.

## Verndari barna - forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetning:** 2. október.

**Tími:** 08:00-11:30.

**Markhópur:** Fagmenntaðir starfsmenn leikskóla Hafnarfjarðar.

**Fjöldi:** Meðan húsrúm leyfir.

**Fyrirlesari:** Fulltrúi barnaverndar Hafnarfjarðar



**Námskeiðslýsing:** Markmið námskeiðsins er að veita fagmenntuðum kennurum í leikskólum öfluga fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna af hugrekki og ábyrgð.

**Skráning:** Á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeið.

## Leikurinn Kraganámskeið



**Staður:** Fannborg 2, Kópavogi.

**Dagsetningar** 8. október.

**Tími:** 08:30-11:00.

**Markhópur:** Nýir starfsmenn leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

**Fyrirlesari:** Guðrún Bjarnadóttir, leikskólakennari.

**Námskeiðslýsing:** Upplýsingar um inntak námskeiðsins koma með auglýsingu sem send verður út viku fyrir námskeiðið.

**Skráning:** Þjónustuver Kópavogs í síma 570 1500 í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeiðið.

## Náttúrukennsla- Kraganámskeið



**Staður:** Kaldársel ofan Hafnarfjarðar, sjá kort☺

**Dagsetning:** 14. október.

**Tími:** 09:00-11:30.

**Markhópur:** Starfsfólk leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

**Fjöldi:** Hámark 25 manns.

**Fyrirlesarar:** Birna Dís Bjarnadóttir og Ásta Loftsdóttir leikskólakennarar.

**Námskeiðslýsing:** Sagt verður frá því hvernig umhverfið í Kaldárseli, sem er stórfenglegt umhverfi með hellum, fjöllum, skógi og gjótum, sem reyna á líkama og huga, hugrekki, útsjónarsemi, samvinnu og fleira, hvetur börn til að vera virkari í leik og starfi sem veitir þeim dýrmæta reynslu þegar þau glíma við fjölbreyttan náttúrulegan efnivið og rannsaka plöntur og dýr sem finnast í náttúrunni. Einnig verður fjallað um hvernig hreyfing úti í náttúrunni gefur börnum tækifæri til að umgangast hættur sem þar leynast og með því þurfa þau að finna á eigin skinni hversu megnug þau eru og fá tækifæri til að taka áhættu.



**ÞÁTTTAKENDUM ER BENT Á AÐ KOMA KLÆDDIR EFTIR VEÐRI OG Í GÓÐUM SKÓFATNAÐI.**

**Skráning:** Á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeið.

## Mataróþol leikskólabarna- Kraganámskeið



**Staður:** Kjarni, Þverholti 2, Mosfellsbæ.

**Dagsetning:** 22. október.

**Tími:** 08:30-11:00.

**Markhópur:** Starfsfólk mötuneyta Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

**Fjöldi:** Meðan húsrúm leyfir.

**Fyrirlesarar:** Ebba Guðný Guðmundsdóttir, matgæðingur.

**Námskeiðslýsing:** Fjallað verður um hvers vegna það skiptir máli að gefa börnum frá fyrstu tíð hreinan og óunninn mat, hvaða matur það er og hvernig á að útbúa slíkan mat. Farið verður yfir undirstöðuatriði í því hvað á að gefa börnum að borða fyrsta árið og hvernig má halda áfram að venja þau á næringarríkan, lifandi og hollan mat sem nærir þau og kætir andlega og líkamlega.

**Skráning:** Á netfangið gs@mos.is eða á Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar í síma 525 6700

## Tvítyngd börn - Kraganámskeið

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetning:** 6. nóvember.

**Tími:** 08:30-11:00.

**Markhópur:** Starfsfólk leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

**Fjöldi:** Meðan húsrúm leyfir.

**Fyrirlesari:** Hanna Halldóra Leifsdóttir, sérkennsluráðgjafi.




**Námskeiðslýsing:** Fjallað verður um hvernig börn læra nýtt mál en nýtt tungumál lærist best við raunaðstæður og meðal jafningja sem tala gott og ríkt mál. Farið verður yfir árangursríkar leiðir til að kenna börnum af erlendum uppruna íslensku sem annað tungumál.

**Skráning:** Á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeið.

## Uppeldislegar skráningar – Kraganámskeið

**Staður:** Betrunarhúið á Garðatorgi í Garðabæ.

**Dagsetning:** 12. nóvember.

**Tími:** 08:30-11:00.

**Markhópur:** Starfsfólk leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

**Fjöldi:** Meðan húsrúm leyfir.

**Fyrirlesari:** Anna Gréta Guðmundsdóttir, leikskólakennari.



**Námskeiðslýsing:** Fjallað verður um uppeldislegar skráningar í leikskólastarfi en skráning er einn stærsti þátturinn í vinnu með skapandi starf sem skilar kennaranum vitneskju um áhuga og upplifun barns. Með því að nota skráningu er hægt að fylgjast með þeirri þróun sem á sér stað hjá hverju barni og hverjum hóp fyrir sig.

**Skráning:** Á netfangið annah@gardabaer í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeið.

## Boðberi válegra tíðinda - Kraganámskeið

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetning:** 20. nóvember.

**Tími:** 08:30-11:00.

**Markhópur:** Starfsfólk leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

**Fjöldi:** Meðan húsrúm leyfir.

**Fyrirlesari:** Linda Bára Lýðsdóttir, sálfræðingur á Geðsviði Landspítala Háskólasjúkrahúss.

**Námskeiðslýsing:** Fjallað verður um hvernig best er að byggja upp viðtal þar sem váleg tíðindi eru flutt, hvernig best er að undirbúa sig og hvernig flytja skal sjálf tíðindin. Einnig verður farið yfir möguleg viðbrögðum hjá þeim sem fá slæm tíðindi og hvernig best er að meðhöndla þau.

**Skráning:** Á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út fyrir námskeið.

## Fundir forstöðumanna mötuneyta

| | |
|---|---|
| **Staður:** | Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð. |
| **Dagsetning:** | 7. október.<br>22. október- Sjá nánar um kraganámskeiðið *Mataróþol leikskólabarna* á bls. 10.<br>18. nóvember. |
| **Tími:** | 14:00. |
| **Umsjón:** | Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. |
| **Markmið:** | Fagleg umræða um samráð, samvinnu og samhæfingu til stefnumörkunar, áætlanagerðar og upplýsingamiðlunar. |



## Leikskólastjórafundir

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetningar:**

| | | |
|---|---|---|
| 27. ágúst. | 10. september. | 24. september. |
| 8. október. | 22. október. | 5. nóvember. |
| 19. nóvember. | 3. desember. | 17. desember. |

**Tími:** 08:15 – 10:30 en getur lengst eftir dagskrárliðum.

**Umsjón:** Þróunarfulltrúi leikskóla.

**Markmið:** Samráð, fræðsla, samvinna og samhæfing til stefnumörkunar, áætlanagerðar og upplýsingamiðlunar.

***<u>VAKIN ER ATHYGLI Á ÞVÍ AÐ LEIKSKÓLASTJÓRUM ER SKYLT AÐ MÆTA Á FUNDI SEM STJÓRNSÝSLAN BOÐAR. EF ÞEIR HAFA EKKI TÖK Á AÐ MÆTA BER AÐ BOÐA FORFÖLL MEÐ SKÝRINGUM OG SENDA STAÐGENGIL Á FUNDINA.</u>***

## Aðstoðarleikskólastjórafundir

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetning:** 3. september. 1. október. 29. október. 26. nóvember.

**Tími:** 08:15-10:30.

**Umsjón:** Þróunarfulltúi leikskóla.

**Markmið:** Fagleg umræða um samráð, samvinnu og samhæfingu til stefnumörkunar, áætlanagerðar og upplýsingamiðlunar.

## Sérkennslustjórafundir

**Staður:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

**Dagsetning:** 17. september. 15. október. 12. nóvember. 10. desember.

**Tími:** 08:15-10:30.

**Umsjón:** Sérkennslufulltrúi.

**Markmið:** Fagleg umræða um samráð, samvinnu og samhæfingu til stefnumörkunar, áætlanagerðar og upplýsingamiðlunar.

# BÖRN SEM FÁ AÐ LEIKA SÉR ERU BETUR Í STAKK BÚIN TIL AÐ LÆRA HAFA BETRI FÉLAGSÞROSKA, BETRI MÁLÞROSKA OG MEIRI SJÁLFSAGA

